

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2013

## Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** MENNTAMÆÐUR

**Nafn styrkþega:** EXEDRA

**Útdráttur:** EXEDRA og EXEMPLA hafa unnið með félaginu WOMEN að myndum aukinna tengsla og þekkingar milli kvenna að erlendum uppruna og félagskvenna í EXEDRA og EXEMPLA. Haldinn var sameiginlegur fundur með konum úr WOMEN, EXEDRA og EXEMPLA undir yfirskriftinni „Tækifæri kvenna að erlendum uppruna“ þar sem félagsmálaráðherra flutti ávarp og tók þátt í umræðum með viðstöddum. Jafnframt fluttu þrjár öflugar konur úr WOMEN ávarp þar sem þær sögðu frá sinni reynslu af því að búa á Íslandi. Miklar og málefnalegar umræður fóru fram á fundinum þar sem komið var með tillögum að lausnum að því hvernig styrkja má tengsl kvenna að erlendum uppruna hér á landi og hvernig bæta megi aðgengi þeirra að vinnumarkaðnum. Eftir fundinn héldu konur áfram að tala saman og mynda tengsl sem þegar skiluðu árangri. EXEDRA bauð WOMEN fram krafta sína með þeim hætti að WOMEN leitar til EXEDRA og fær konur úr hópnum til að fræða konur hjá WOMEN um ýmis málefni. Um er að ræða upplýsingagjöf um stofnun fyrirtækja, skattamál, heilbrigðismál og áfram má telja. Í EXEDRA er mjög fjölbreyttur hópur kvenna úr ólíkum stjórnámálaflokkum, atvinnulífnum, opinbera geiranum, listaheiminum og sérfræðingar á ýmsum sviðum. Jafnframt var ákveðið að konur úr EXEDRA myndu bjóða konum úr WOMEN í hádegisverð til að ná spjalli í minni hópum – meira „maður á mann“. Í framhaldi af þessu verkefni var jólafundur EXEDRA tileinkaður málefnum flóttafólks hér á landi. Fjallað var um ástæður flóttamannastraumsins til Evrópu, aðstæður fólksins og móttöku á Vesturlöndum. Á fundinn kom fulltrúi Rauða Krossins, mannfræðingur og flóttakona frá Íran. Um upplýsandi, áhrifamikil og lausnamiðuð erindi var að ræða sem urðu uppspretta mikilla umræðna. Mikilvægt er að auka skilning á málefnum fólks hér á landi að erlendum uppruna og tókst það á þessum fundi.

Það er virkilega jákvætt að hinn mikli mannauður sem er í EXEDRA geti komið konum í WOMEN að gagni. Á sama hátt hefur það verið konum í EXEDRA mikil gæfa og gleði að mynda tengsl og kynnast konum í WOMEN, uppruna þeirra og þeirra sögu. Við munum halda áfram að rækta tengslin öllum til heilla.